

## GÓÐIR GRIPIR

PERSÓNUR: Þulur, Loki, yngri dvergur, eldri dvergur

---

- Þulur:** Niður, niður, alltaf niður, gegnum gljúfur, gjár og hella. Um síðir náði Loki inn í dökkan heim svartálfanna og var feginn að tylla sér. Hann þekkti Ívaldasyni sem voru afbragðs smiðir. Þeir tóku honum vel.
- Yngri dvergur** (glottir): Í hvaða vandræði ertu nú búinn að koma sér, Loki sæll.
- Loki:** Vandræði, svo sem engin vandræði beinlínis. Þór er bara brjálaður í skapinu. Maður má ekki gera að gamni sínu þá tryllist hann.
- Eldri dvergur:** Hvað viltu að við gerum fyrir þig?
- Loki:** Búið til gullhár á Sif. Það þarf að festast við kollinn og vaxa eins og venjulegt hár.
- Yngri dvergur:** Ætlarðu að segja mér að þú hafir rænt hárinu af Sif?
- Loki:** Rænt og rænt, ég skar smávegis, eða svoleiðis. Það var svo freistandi að ég gat ekki hamið mig.
- Yngri dvergur:** Tókstu bara einn lokk?
- Loki:** Nei, blessaður vertu, ég tók það allt úr því að ég var að þessu á annað borð.
- Eldri dvergur:** Ekki var það nú neitt smávegis.
- Yngri dvergur:** Svo ertu hissa á að Þór skyldi reiðast.
- Loki:** Það er nú ekki eins og þetta vaxi ekki aftur. En þau hafa ekki tíma til að bíða, heimta nýtt hár eins og skot. Úr gulli. Hann mөлvar í mér hvert bein, þetta hross, ef ég kem ekki með það.
- Yngri dvergur:** Það er eins gott að við brettum upp ermarnar.
- Þulur:** Þeir höfðu hröð handtök, sóttu stóran gullklump, digra hamra og krangalegar tengur. Svo var barið og bangað og áður en langt um leið flæddi gullið út og varð að síðu og miklu hári. Það var geysifagur haddur sem var þeim töfrum gæddur

að hann mundi óðara festast og halda áfram að vaxa.

**Loki:** Þetta er mikil listasmíði eins og við var að búast. En ekki mundi nú saka að hafa svona einn eða tvo gripi til viðbótar. Það veitir ekki af að mýkja þessi goð, þetta er svo stórt upp á sig.

**Eldri dvergur:** Hvað varstu líka að fara í Ásgarð, fór ekki nógu vel um þig þar sem þú varst?

**Loki:** Mér fannst bara finna að telja mig til goða. Það eru líka stundum svoddan groddalæti í jötnunum. En goðin eru bara ekkert betri, að minnsta kosti sum.

**Yngri dvergur:** Ætli málið sé ekki bara að þú kemur þér alls staðar í vandræði með þessum furðulegu uppátækjum þínum.

**Loki:** Ég! Hingað til hef ég nú verið friðsemdin sjálf, spyrjið þið bara Sigyn.

**Pulur:** Dvergarnir hristu höfuð, kyntu aflinn og settu járn á hann. Eftir nokkra stund birtist glæsilegt spjót. Sá eldri rétti Loka það.

**Eldri dvergur:** Hér er spjótíð Gungnir sem stingst í gegnum hvað sem er og má mikið vera ef það bræðir ekki hjörtu goðanna.

**Loki:** Stórkostlegt. Ég gef Óðni það, því ekki freistar það mín. Sá sem hefur höfuðið í lagi þarf ekki á spjóti að halda.

**Eldri dvergur:** Ekki er þér sjálfrátt. Ég hefði nú haldið að ef einhver íbúi Ásgarðs hefði höfuð sem nýttist honum væri það einmitt Óðinn.

**Loki:** Hann heldur að hann viti allt af því að hann hékk í þessum Aski í nú nætur. Eins og það sé nú eitthvað til að monta sig af.

**Pulur:** Dvergarnir litu hvor á annan með uppgjöf í svipnum.

**Yngri dvergur:** Allt er þegar þrennt er.

**Pulur:** Loka var orðið heitt. Hann settist utan við smiðjuna og kældi sig í svölu rökkriinu. Áður en langt um leið birtust Ívaldasynir með stórt og mikið skip.

- Yngri dvergur:** Hér hefurðu Skíðblaðni. Í hvert sinn sem segl eru undin upp fær hann byr.
- Loki:** Þetta er dæmalaust fagurt fley. Það eina sem vefst fyrir mér er hvernig ég eigi að drösla því upp um hellana og gjárnar, alla leið heim í Ásgarð.
- Eldri dvergur:** Sá sem hefur haus eins og þú ætti ekki að vera í vandræðum með það. Hins vegar er þetta skip þannig gert að þú getur brotið það saman og stungið í pyngjuna þína.
- Loki:** Ekki er logið á Ívaldasyni.
- Pulur:** Hann braut Skíðblaðni í smátt og tróð honum í pokaskjatta sem hann bar við beltið.
- Loki:** Þið hóið í mig ef ykkur liggur lítið við.
- Yngri dvergur:** Ekki skal standa á því.
- Pulur:** Þeir horfðu á eftir honum þegar hann skeiðaði léttfættur af stað með gripina.
- Dvergarnir (hrópa):** Reyndu svo að hafa hemil á hrekkjunum.